

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Línadal
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík, 2. október 2019
Tilvísun: 201811051 / 3.4

Efni: Deiliskipulag Fossárvíkur, áningastaður ferðamanna, Djúpavogshreppur

Djúpavogshreppur hefur, með erindi, móttekið 24. september 2019, sent Skipulagsstofnun ofangreind deiliskipulag til yfirferðar samkvæmt 1. mgr. 42. gr. skipulagslaga og var málsmeðferð skv. 41. gr. laganna. Athugasemdafresti lauk 23. ágúst 2019. Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn, þann 12. september 2019. Engar athugasemdir bárust frá almenningi á kynningartímanum en umsagnir bárust frá opinberum umsagnaraðilum.

Í deiliskipulaginu felst um 22 ha svæði fyrir uppbyggingu ferðamannastaðar í Fossárvík. Fyrirhuguð er allt að 90 m² þjónustubygging, uppbygging stígakerfis, göngubrúa, útsýnispalla, upplýsingaskilta og bílastæðum, á tveimur stöðum, fyrir allt að 42 bíla og 3 rútur.

Samhliða deiliskipulagstillögu var auglýst breyting á aðalskipulagi þar sem landnotkun svæðisins er breytt úr landbúnaðarsvæði í afþreyingar- og ferðamannasvæði.

Deiliskipulagið er sett fram í greinargerð dagsett í maí 2019, með breytingum 5. júlí og 29. ágúst 2019 og á uppdrætti í mkv. 1:1800 og 1:700 með sömu dagsetningum.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið framlögð gögn og gerir ekki athugasemd við að sveitarstjórn birti auglýsingu um samþykkt deiliskipulagsins í B-deild Stjórnartíðinda þegar undirrituð gögn hafa borist.

Stofnunin minnir á að aðalskipulagsbreyting þarf að taka gildi áður en deiliskipulagsbreytingin er birt í B-deild.

Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir
Sóley Ósk Sigurgeirsdóttir